

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Fucidin® 2% krem

fúsídínsýra

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Fucidin og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Fucidin
3. Hvernig nota á Fucidin
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Fucidin
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Fucidin og við hverju það er notað

Fucidin inniheldur sýklalyf sem verkar gegn bakteríum sem valda sýkingum í húð.

Fucidin er notað til meðferðar á húðsýkingum af völdum baktería sem eru næmar fyrir lyfinu.

Læknirinn gæti hafa ávísað annars konar notkun. Fylgið alltaf fyrirmælum læknisins.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

2. Áður en byrjað er að nota Fucidin

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Fucidin:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir fúsídínsýru eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Notið ekki kremið nálægt augum, þar sem það getur valdið ertingu í auga.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Fucidin skal eingöngu nota samkvæmt læknisráði.

Brjóstagjöf

Fucidin má nota við brjóstagjöf, en þó má ekki bera það á brjóstið.

Akstur og notkun véla

Fucidin hefur engin áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Notkun annarra lyfja samhliða Fucidin

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Nota má Fucidin samhliða öðrum lyfjum.

Fucidin krem inniheldur bútýlhýdroxýanisól, cetýlalkóhól og kalíumsorbat

Bútýlhýdroxýanisól E 320, cetýlalkóhól og kalíumsorbat geta valdið staðbundnum útbrotum (t.d. snertihúðbólgu).

Bútýlhýdroxýanisól E320 getur auk þess ert augu og slímhúðir.

3. Hvernig nota á Fucidin

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Börn og fullorðnir:

Berið kremið á 2-3 sinnum á sólarhring.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrarmiðstöð (sími 543 2222).

Ekki er vitað um eitranir eftir notkun Fucidin.

Ef gleymist að nota Fucidin

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota. Haldið áfram að nota ráðlagðan skammt.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Fucidin valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- Exem
- Útbrot
- Kláði
- Húðroði
- Verkir á svæði sem borið er á (þ.m.t. brunatilfinning eða náladofi í húð)
- Erting á svæði sem borið er á

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- Ofnæmi
- Augnbólga með rauðum augum og aukinni táramyndun
- Útbrot (ofsakláði) og bólga. Getur verið alvarlegt. Hafið samband við lækninn. Bólga í andliti, vörum og tungu getur verið lífshættuleg. Hringdu í 112.
- Ofsakláði
- Blöðrur

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Fucidin

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum eða á túpunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Fucidin inniheldur

Virkt efni: Fúsidínsýra.

Önnur innihaldsefni: Bútýlhýdroxýanisól E320, cetýlalkóhól, glýseról 85%, kalíumsorbat E202, paraffínolía, pólýsorbat 60, hreinsað vatn, saltsýra, hvítt vaselín og all-*rac*- α -tocoferol.

Lýsing á útliti Fucidin og pakkingastærðir

Fucidin krem er hvítt, lyktarlaust krem.

Pakkingastærðir: 15 g

Markaðsleyfishafi

LEO Pharma A/S
Industriparken 55
DK-2750 Ballerup
Danmörk.

Framleiðandi

LEO Laboratories Ltd.
285 Cashel Road, Dublin 12,
Írland.

Umboð á Íslandi

Vistor hf.
Hörgatúni 2
210 Garðabæ.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2018.